

um frumvarp til laga um breytingu á lögum 8. október 1883, um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

Nefndin hefir fengið hjá Stjórnarráðinu allitarlega skýrslu um tildrög og undirbúning þessa máls í hjerði. Af henni sjest, að breytingar þær á bæjarstjórnarlögunum, sem frumvarp þetta fer fram á, eru flestar í fyrstu komnar frá málfundafjelaginu »Stígandi« á Ísafirði, og eftir að hafa verið ræddar þar og samþykktar voru þær samþykktar af fjölmönnum borgarafundi 1914 ásamt áskorun til bæjarstjórnarinnar um að koma þeim á framfæri við Alþingi 1914.

Nokkur ágreiningur var í fyrstu um sumar þessar breytingar milli borgaranna og bæjarstjórnarinnar, eftir að hún hafði unnist til að taka málið til athugunar, en í meðferð þess hefir sá ágreiningur þó jafnast nokkuð. Má um þetta lesa í áðurnefndri skýrslu.

Einkum eru það tvö atriði, sem enn er ágreiningur um milli borgaranna og bæjarstjórnarinnar. Fyrri atriðið er breyting á 14. grein bæjarstjórnarlaganna; vilja borgararnir þar láta formann skólanefndarinnar eiga sæti og atkvæði í bæjarstjórninni um öll uppeldis- og fræðslumál í stað sóknarprestisins sem nú á þar sæti samkvæmt lögunum, en því vill bæjarstjórnin halda óbreyttu. Hitt atriðið er breyting á 30. gr. laganna. Þar vilja borgararnir halda þeim rjetti, sem lögin heimila þeim, að mega sjálfir kjósa yfirskoðunarmann bæjarreikninganna, en bæjarstjórnin vill svifta þá þessum rjetti og flytja hann til bæjarstjórnarinnar.

Um fyrri atriðið er breytingartillaga borgaranna alveg í samræmi við fræðslulögin, sem ekki gera ráð fyrir því, að sóknarpresturinn sje sjálfkjörinn í skólanefnd. Standi því þetta ákvæði bæjarstjórnarlaganna óbreytt, getur vel farið svo, að formaður skólanefndar eigi ekkert atkvæði í bæjarstjórninni um uppeldis- og fræðslumál kaupstaðarins og verður að telja það miður heppilegt. Þessi breyting frá eldri bæjarstjórnarlögunum er og tekin upp í yngstu bæjarstjórnarlög vor, lögin um bæjarstjórn í Hafnarfirði 22. nóvbr. 1907, auðvitað einmitt með tilliti til fræðslulaganna.

Um hitt atriðið, að bæjarstjórn kjósi sjálf yfirskoðunarmann sinna eigin reikninga hefir hingað til verið litið svo á, að hitt væri eðlilegra, að sá rjettur væri hjá borgurum kaupstaðanna. Í bæjarstjórnarlögum allra kaupstaðanna er ákveðið að yfirskoðunarmenn skuli kosnir af bæjarbúum eftir sömu reglum og bæjarfulltrúarnir. Að breyta út af þeirri alsherjarreglu með því að svifta borgarana í þessum eina kaupstað þessum rjetti, virðist ástæðulítið og það á þessum lýðfrelsistímum, þótt eitthvað kunní að geta mælt með því.

Þessi breyting bæjarstjórnarinnar hafði ekki fylgi nema helmings bæjarfulltrúanna, en atkvæði oddvita rjeði úrslitum. Bæjarfulltrúarnir 3, sem móti henni voru, hafa látið bóka ágreiningsatkvæði sin í fundargjörð bæjarstjórnarinnar og fært ástæður fyrir þeim (sbr. áðurnefnda skýrslu).

Af áðurnefndri skýrslu má sjá, að bæjarstjórnin hefir fallist á þá tillögu borgaranna að fjölga bæjarfulltrúunum, en ekki viljað taka fjölgunina upp í frum-

varpið, heldur fá hana umboðsleiðina, sem heimiluð er í bæjarstjórnarlögunum. Almennur vilji borgaranna er að ákveða þetta beint með lögum.

Nefndin telur eðlilegra að tala bæjarfulltrúanna sje beint ákveðin í lög- unum og henni verði ekki breytt nema með lögum; hefir og Alþingi tekið upp þá reglu er bæjarfulltrúum var fjölgað í Reykjavík með lögum 22. nóvbr. 1907. Hjer má gera ráð fyrir, að ekki verði í bráð farið fram á fulltrúafjölgun á Ísa- firði og því muni ekki bráðlega þurfa að breyta lögnum um þetta atriði.

Af framangreindum ástæðum leggur nefndin því til, að framan við frum- varpið komi ný grein (1. gr.) um fjölgun fulltrúanna en í sambandi við það þótti henni einnig rjettara að taka upp nýja grein með gildandi lagafyrirmælum um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar, eins og gert í Hafnarfjarðarlögum, um, og fella því burt 5. gr. laganna ásamt 4. gr.

Auk þessara tveggja nýju greina leggur nefndin samkvæmt framansögðu til að ný grein komi í stað 14. gr. bæjarstjórnarlaganna um rjett formanns skóla- nefndarinnar til sætis og atkvæða í bæjarstjórninni í stað sóknarprestisins, og að síðustu, að borgararnir fái að halda fram rjetti sínum til að kjósa yfirskoðunar- menn bæjarreikninganna, sem þeir nú hafa samkvæmt 30. gr. laganna.

Þá þykir nefndinni og rjett, að kjörtimi yfirskoðunarmanna sje hinn sami og bæjarfulltrúanna, 3 ár. Í Hafnarfjarðarlögnum er starfstimi yfirskoðunar- manna þrjú ár.

Nefndin hefir gert smávægilegar breytingar á formi frumvarpsins, sem henni þykja betur fara; ræður hún hv. deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfylgjandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Ný grein, sem verður 1. gr., svohljóðandi:

Hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 9 að tölu, kosnir af þeim bæjar- búum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

2. Ný grein, sem verður 2. gr., svohljóðandi:

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri, þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú, og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk, ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Kon- ur kjósenda hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti fullnægja áðurgreindum skilyrðum fyrir kosningarrjetti. Kjör- gengur er hver sá, er kosningarrjett hefir. Þó mega hjón aldrei sitja sam- timis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er konum jafnan að skorast undan kosningu.

3. Við 1. gr. frumvarpsins, sem verður 3. gr.:

Inngangur greinarinnar falli burt.

4. Ný grein, sem verður 4. gr.

Í öllum þeim málum, sem snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir for-

maðnr barnaskólanefndarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

5. Við 2. gr., sem verður 5. gr.:
Inngangur greinarinnar falli burt.
6. Við 3. gr., sem verður 6. gr.:
Inngangur greinarinnar falli burtu.
7. Við 4. gr., sem verður 7. gr.:
Inngangur greinarinnar falli burt.
8. Við 4. gr. Önnur málsgrein orðist svo:
Yfirskoðunarmenn bæjarreikninganna sjeu tveir, kosnir af bæjarbúum, er kosningarrjett hafa samkvæmt 2. gr. Þeir hafa starf það á hendi i 3 ár, og mega ekki eiga sæti i bæjarstjórn þann tíma.
9. Ný grein, sem verður 8. gr.:
Með lögum þessum eru úr gildi numdar 4., 5., 6., 14., 16., 26. og 30. gr. laga 8. október 1883, um bæjarstjórn i Ísafjarðarkaupstað.
10. 5. gr. verður 9. gr.

Efri deild Alþingis, 17. júlí 1915.

Kristinn Danielsson,
formaður.

Sigurður Stefánsson,
skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson.